

## AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 15/1974 um tollverð notaðra bifreiða.

### 1. gr.

Af notuðum bifreiðum, sem falla undir 2. gr. auglýsingar nr. 15/1974 og hafa verið eða kunna að verða tollafgreiddar á tímabilinu 2. sept. 1974 — 30. apríl 1975 á grundvelli þeirrar gengisbreytingar, er tók gildi 2. sept. 1974, skal við ákvörðun fób-verðs skv. 2. gr. nefndrar auglýsingar veittur aldursafsláttur frá 1. janúar árgerðarárs viðkomandi bifreiðar. Skal aldursafslátturinn nema 1.5% fyrir hvern aldursmánuð fram til 30. júní árgerðarársins, en að öðru leyti reiknast áframhaldandi aldursafsláttur eins og segir í fyrrnefndri auglýsingu.

### 2. gr.

Aðilum, sem tollafgreitt hafa á ofangreindu tímabili bifreiðar, er falla undir ákvæði auglýsingar þessarar, mun verða endurgreiddur gjaldamunur skv. framan-sögðu, og annast tollstjórar í hverju umdæmi endurgreiðslurnar.

Hafi eigendaskipti orðið á bifreið frá því að tollafgreiðsla fór fram, á upphaflegur innflytjandi hennar rétt til endurgreiðslu gjaldamunar skv. framan-sögðu.

### 3. gr.

Umsækjendur endurgreiðslu gjaldamunar skulu afhenda viðkomandi tollstjóra, auk frumrits eldri tollreiknings, nýja aðflutningsskýrslu yfir viðkomandi bifreið, þar sem fram koma þau gjöld, er greiða ætti skv. ákvæðum auglýsingar þessarar. Skal og gjaldamunur meðfylgjandi tollreiknings og gjalda eins og þau reiknast skv. ákvæðum þessarar auglýsingar jafnframt tilgreindur sérstaklega. Umsóknir skulu berast fyrir 1. mars 1975.

### 4. gr.

Auglýsing þessi er sett skv. heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 6/1974, um tollskrá o. fl., og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 24. desember 1974.*

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

*Dorsteinn Ólafsson.*

24. desember 1974.

Nr. 389.

## AUGLÝSING

um niðurfellingu tolla af nokkrum hráefnum til sælgætisframleiðslu.

### 1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið skv. heimild í 55. tl. 3. gr. laga nr. 6/1974, um tollskrá o. fl., að fella niður toll af hráefnum til sælgætisframleiðslu í eftirfarandi tollskrárnúmerum:

Tollskrárn. Vörulýsing

úr 11.08.09 Bragðlaus sterkja.

13.02.01 Gúmmí arabikum.

13.03.01 Pektín.

13.03.02 Lakkrišekstrakt í 4 kg ílátum eða stærri, fljótandi lakkrišekstrakt o. s. frv.